



Mýrdalshreppur
Mýrarbraut 13
870 Vík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinn@fornleifavernd.is

Reykjavík 15. júlí 2009

Tilvisun: Fvr 2009070014 IKM

Efni: Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025

Fornleifavernd ríkisins (FVR) lýsir yfir ánægju sinni með að greinargerð um aðalskipulag og umhverfismatskýrsla skuli nú liggja fyrir vegna aðalskipulags Mýrdalshrepps. Svo virðist sem höfundar skýrslunnar séu vel upplýstir um menningarverðmæti og umgengni við fornleifar. Sérstakir kaflar eru tileinkaðir fornleifum og er það vel. FVR vill þó minnst á nokkur atriði sem hafa þarf hugfast í sambandi við fornleifar þegar unnið er að aðalskipulagi.

- Gjarnan ber á hugtakaruglingi þegar rætt er um menningarverðmæti og menningarminjar: fornleifar/menningarminjar og náttúruminjar eru tveir ólíkir flokkar. Báðir eru þeir mikilvægir en þó er það oft svo að náttúruminjarnar þykja sumpart merkilegri og þeim því gert hærra undir höfði en fornleifum, á kostnað fornleifanna. Fornleifar eru skilgreindar þannig í Þjóðminjalögum að allt það sem mannaverk er á, eldra en 100 ára, eru fornleifar sem þarf að umgangast eftir ákveðnum reglum.
- Einnig er minnt á að allar fornleifar eru *friðaðar* en svo er ákveðinn flokkur innan friðaðra fornleifa sem er *friðlýstur* og um þann flokk gilda enn strangari skilyrði um umgengni og röskun.
- Samkvæmt lögum á að fornleifaskrá allt sveitarfélagið á vettvangi fyrir aðalskipulag. Svæðisskráning sem byggist á ritheimildum er ekki nægileg. Ef ekki er hægt að ráðast í aðalskráningu fornleifa í öllu sveitarfélaginu vegna óskilgreindra ástæðna ber að skrá fornleifar á þeim svæðum þar sem aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir að komið geti til jarðrasks. Forgangsatríði er að skrá fornleifar á þeim svæðum þar sem fyrirhugað er að reisa nýbyggingar, leggja vegi eða að raska jörð vegna annarra framkvæmda, s.s. vegna efnistöku.
- Á sveitarfélagsupprætti eru merktar friðlýstar fornleifar en engar aðrar menningarminjar. Æskilegt væri að gert yrði þemakort þar sem hnit á hverri tóft sem skráð hefur verið væri varpað inn á sveitarfélagskort.
- Í kafla 2.1.2. er talað um að sveitarstjórn hafi látið taka saman lista yfir fornminjar sem heimamenn telja

að skuli varðveita. Auðvitað er þetta hið besta mál, að sveitarstjórn skuli láta til sín taka í þessum málaflokk. Á hinn bóginn er ekki ljóst á hvaða forsendum þessi skrá hefur verið tekin saman: hvernig völdust fornleifarnar í þennan flokk? Ef samhljómur er innan sveitarfélagsins um verndun þessara tilteknu fornleifa þá má spyrja, útfrá orðanna hljóðan í Greinargerðinni, eru aðrar fornleifar á svæðinu undanskildar?

- Á bls. 12 í Greinargerðinni er tekið fram að fornleifaskráningu sé lokið í Vík og nágrenni. Ekki hafa fundist skýrslur þess efnis hjá FVR. Útgefnar skýrslur af svæðinu eru aðeins tvær og ná yfir lítinn hluta sveitarfélagsins:

Bjarni F. Einarsson. 2000. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Dyrhólaey í Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu.

Tim J. Hoarsley. Keldudalur, Mýrdal, V-Skaftafellssýslu. Report on Geophysical Survey, April 2005 for Skógar Museum. University of Bradley. 2006.


Katrín Gunnarsdóttir hefur unnið fornleifaskráningu í Vík og nágrenni en það efni er ekki útgefið en gögnin þyrfti að nálgast til að vita óyggjandi hvað hefur verið skráð.

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki frekari athugasemdir við tillögur að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025. Bent skal á að í 10. gr. þjóðminjalaga stendur m.a.: *Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.* Og á 13. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

Undirritaður (Uggi Ævarsson) mætir til vinnu úr sumarfrí um mánaðamótin júlí/ágúst og mun hafa samband við sveitarstjórn ef hugsanleg álitamál koma upp.

Með von um góða samvinnu í framtíðinni, Uggi Ævarsson minjavörður Suðurlands.

Virðingarfyllst,
f.h. minjavarðar Suðurlands
Fornleifaverndar ríkisins



Kristinn Magnússon
Deildarstjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun.